

Námsáætlun í íslensku 1. bekkur

haustönn 2019

Stafsetning og skrift: Að nemandi <ul style="list-style-type: none">• Skrifi stóran staf í upphafi nafna.• Hafi bil á milli orða.• Læri að draga rétt til stafs• Þjálfist í að tileinka sér læsilega rithönd	Málfræði: Að nemandi <ul style="list-style-type: none">• Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, rím, setning og samsett orð.• Fleirtala/eintala• Andheiti/samheiti• Þekki stafrófið• Efli orðaforða og orðaskilning
Ritun: Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">• Þekki skrifaráttina• Skrifi orð eða setningu• Þjálfist í að hafa bil á milli orða• Fá fjölbreytt tækifæri til að semja og skrifa texta m.a. á rafrænu formi.	Talað mál, hlustun og áhorf Að nemandi <ul style="list-style-type: none">• Taki þátt í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum á fjölbreyttan hátt.• Þjálfist í að segja frá eigin upplifunum munnlega t.d. á rafrænu formi• Þjálfist í að hlusta og horfa með athygli
<p>Lestur : Samstarf skóla og heimilis skiptir miklu máli í lestrarnámi barna og til að vel sé þurfa allir aðilar að vita til hvers er ætlast af þeim. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir. Kennarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig amk 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu.</p> <p><u>Mikilvægt er að foreldrar láti barnið lesa upphátt a.m.k fimm x í viku og hverja bls 3x</u></p>	
Viðmið í 1. bekk: Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">• Þekki alla stafi og hljóð• beiti aðferðum við umskráningu hljóða• efli hljóðvitund sína• 90% viðmið í lok 1. Bekkjar eru 20 orð	
Námsmat: Í lok annar verður gefin kennaraeinkunn. Lestur verður kannaður reglulega allan veturinn, með stafakönnunum og lestrarskimunum. Í annarlok verða lögð fyrir lesfimiþróf. Kennaraeinkunn er gefin út frá vinnubókum, vinnusemi, vandvirkni, hegðunar og sjálfstæðis í vinnubrögðum.	
Kennsluefni: <ul style="list-style-type: none">• Lestrarlandið – lesbók og vinnubók, Listin að lesa og skrifa, valin verkefni frá kennara, léttlestrarbækur og vinnubækur, gagnvirkir efni.	

Við vinnum með einn bókstaf á viku og er hann lagður inn á föstudegi og svo unnið með hann í vikunni á eftir. Vert er að taka fram að margir hafa nú þegar náð tökum á hljóðum allra bókstafa og eru farin að beita hljóðtengingu í átt að lestri. Engu að síður verður unnið sérstaklega með hvern bókstaf. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til að vinna að verkefnum sem sem hæfa hans getu, þrátt fyrir að námsþættir séu þeir sömu innan hópsins. Þannig stuðlum við að einstaklingsmiðun námi.

Íslenska á haustönn – 1.bekkur

Tímabil	Viðfangsefni	Námsmat og uppbrot
26. ág -1. sept	Hópefli og leikir Hvað eru bókstafir, orð, setningar Vinum með nafnið okkar Stór stafur í sérnöfnum Bókstafurinn Áá	Kjötsúpuhátíð
2. – 8. sept.	Bekkjarsáttmáli Stór stafur í sérnöfnum Skrift Rím	
9. – 15. sept.	Bókastafurinn Ss Samstöfur Skrift Nöfn bekkjarfélaganna/ stór stafur	9. Foreldradagur
16. - 22. sept.	Bókastafurinn Íí Skrift Stafrófið úr efnivið náttúrunar	16. Dagur ísl náttúru
23.– 29. sept.	Bókastafurinn Aa Samsett orð Skrift	
30.sept – 6. okt.	Bókastafurinn Ll Orðhlutaeyðing Skrift	4. Starfsdagur
7. - 13. okt.	Bókastafurinn Óó Skrift	
14. – 20. okt.	Bókastafurinn Rr Skrift Samsett orð	
21. – 27. okt.	Bókastafurinn li Skrift	
28. okt. – 3. nóv.	Bókastafurinn Úú Skrift	
4. – 10. nóv.	Upprifjun	8. Baráttudagur gegn einelti Námsmat
11. – 17. nóv	Óunnin verkefni	12. Dagur íslenskrar tungu hátíð í Hvolsskóla 13. Starfsdagur 14. Foreldradagur 15. Annarleyfi
Miðönn		